

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri
Dags. 13. febrúar 2018
Mnr. 2017050098



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - svör frá Lífeyrissjóðnum Brú

Bæjarstjóri óskaði eftir upplýsingum frá Lífeyrissjóðnum Brú vegna samkomulags um uppgjör við Brú og eru svör lífeyrissjóðsins skáletruð.

Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur Ísafjarðarbæjar, hefur upplýst okkur um að meðfylgjandi gögn skýri hvernig hlutur Ísafjarðarbæjar er fenginn og að viðmiðið sé greidd iðgjöld. Reglurnar voru þannig að ef sjóðurinn stæði ekki undir sér þá ætti að hækka iðgjöldin hlutfallslega jafnt fyrir alla og í því ljósi telur Vigfús að Ísafjarðarbær geti samþykkt þessar skýringar.

Óskað var eftir neðangreindum upplýsingum:

- Við útreikning á varúðarsjóði er tekið hlutfallslegt viðmið á tilsvarendi útreikningi hjá A deild LSR en ég óska eftir upplýsingum um hvernig hlutdeild Ísafjarðarbæjar er fengin.
Í meðfylgjandi skjali sjáið þið hvernig hlutfall ykkar í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.
- Ég óska hér með eftir útlistun á samsetningu þeirra sjóðfélaga sem eru með í útreikningi, annars vegar heildina og hins vegar fyrir viðkomandi sveitarfélag, aldur, kyn, fjöldi réttinda og skuldbinding.
Nafnalisti þar sem fram kemur kennitala, nafn og iðgjöld sjóðsfélagans og mótframlag hefur verið sendur til ykkar í gegnum „signed transfer“ og hann verið sóttur. Eins og fram hefur komið eru framlögin skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum.

Við getum okkur eftirfarandi til og ég vil fá það staðfest:

- Áfallin staða er skuldbinding vegna áunninna réttinda að frádregnum eignum og hlutur Ísafjarðarbæjar er einfaldlega í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar vegna réttinda starfsmanna bæjarins hjá A deild BRÚAR.
Til að koma áfallinni skuldbindingu í jafnvægi þann 31.5 2017 þarf að greiða inn kr. 9.958.717.284 og nemur hlutur Ísafjarðarbæjar kr. 150.855.101 af þeirri fjárhæð.
- Lífeyrisaukasjóður er reiknaður fyrir einstaklinga, sem eiga rétt á jafnri innvinnslu réttinda. Hann er fundinn þannig að framtíðarskuldbindingar, annars vegar vegna jafnra réttinda og hins vegar vegna aldursháðra réttinda, eru reiknaðar og mismunurinn er lífeyrisaukinn. Hlutur Ísafjarðarbæjar er einfaldlega þessi sami útreikningur en þá bara vegna starfsmanna bæjarins. *Það er rétt og þess vegna er tekið mið af iðgjöldum jan-maí 2017 en það eru skil sem sýna einna helst framtíðina.*

Vil árétta að launagreiðendur í A deild Brúar lífeyrissjóðs og LSR höfðu svokallaða óbeina ábyrgð á skuldbindingu sjóðanna þar sem þeim var skylt að hækka mótframlag launagreiðenda ef sjóðirnir væru ekki í jafnvægi, vegna hrunsins voru sett bráðabirgðaákvæði í lög um lífeyrissjóði sem sjóðirnir nýttu sér bæði vegna ástandsins annars vega vegna hrunsins og hins vegar vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins unnu markvisst að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga og stuðla að samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Lífeyrisréttindi voru þar einn mikilvægasti þátturinn í slíkri samræmingu og í stöðugleikasáttmálanum sem var undirritaður af ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins 25. júní 2009 en þar er kveðið á um að taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar en þeirri vinnu lauk ekki fyrr en í lok ársins 2016 með lagasetningunni og þá ekki í sátt á milli aðilanna.